




Borgarholtsskóli  
bókmennt • handmennt • siðmennt

# Borgarholtsskóli í nýju lagaumhverfi

Starfsdagar í maí 2009



## Efnisyfirlit

Dagskrá starfsdaganna .....	3
Inngangur .....	4
Lærdómsviðmið – verklýsing.....	7
Bifreiðasmíði - bílamálun.....	8
Bifvélavirkjun .....	9
Félagsfræðabraut .....	13
Málabraut.....	14
Náttúrufræðibraut.....	15
Viðskipta- og hagfræðibraut.....	16
Rennismíði.....	18
Vélvirkjun.....	19
Félagsliðabraut .....	20
Verslunarbraut .....	22
Starfsbraut.....	23
Afreksíþróttir .....	26
Almennar námsbrautir .....	27
Listnám .....	29
Samantekt .....	31

## Dagskrá starfsdaganna

### Mánudagur 25. maí

#### 8.30 – 9.00 Kaffi og morgunhressing fyrir þá árrislu

9.00- 9.15 Inngangur skólameistara

9.15 – 10.15 Lærdómsviðmið, lykilhæfni, EQF – hvað er það?  
dr. Guðrún Geirsdóttir, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

#### 10.15 – 10.45 Kaffi

10.45 – 11.00 Kynning á hópastarfi

-Kennarar vinna drög að lærdómsviðmiðum fyrir þær brautir sem þeir kenna á og svara spurningunni „hvaða hæfni á nemandi sem lokið hefur námsbrautinni að hafa?“  
Guðrún Ragnarsdóttir og Anton Már Gylfason, verkefnisstj. innleiðingar

11.00 – 12.30 Hópastarf

#### 12.30 – 13.15 Hádegisverður

13.15 – 13.45 Kennslustjórar hitta sitt fólk og taka saman helstu niðurstöður

13.45 – 14.30 Niðurstöður hópa kynntar

14.30 – 15.00 Breytt stefnuskrá Borgarholtsskóla rædd í hópum (þvert á brautir og svið)

15.00 – 16.00 Breytingatillögur viðraðar og ræddar

#### 16.00 Stefnuskrá skólans afgreidd

### Þriðjudagur 26. maí

#### 8.30 – 9.00 Kaffi og morgunhressing fyrir þá árrislu

9.00 – 9.30 Kynning á lotufyrirkomulagi í bíliðngreinum  
Ingibergur Elíasson, kennslustjóri

9.30 – 10.00 Kynning á fyrirhugaðri tilraun um nýannir  
Anton Már Gylfason, verkefnisstjóri  
Hrönn Hilmarsdóttir, áfangastjóri

#### 10.00 – 10.30 Kaffi

10.30-12.30 Hugmyndavinna um hagræðingu í skólastarfi  
Stjórnendur

#### 12.30 – 13.00 Hádegisverður

13.00 – 14.00 Innra mat – könnun  
Jette Dige Pedersen, verkefnisstj. innra mats

#### 14.21 Vorferð starfsmanna

## Inngangur

Á starfsdögum í lok skólaársins 2008-2009 var meginviðfangsefnið *lærdómsviðmið* (*Learning Outcomes*). Samkvæmt nýjum lögum um framhaldsskóla skulu „[f]ramhaldsskólar sinna miðlun þekkingar og þjálfun nemenda þannig að þeir öðlist *færni* til að gegna sérhæfðum störfum og hafi forsendur til að sækja sér frekari menntun.“ Í stað þekkingarviðmiða, sem eldri lög og námsskrár voru miðaðar við koma í nýjum lögum færni- og lærdómsviðmið. Unnið er að því í starfshópum á vegum menntamálaráðuneytisins að útfæra lærdómsviðmið fyrir framhaldsskólann almennt auk þess sem slík viðmið eru í smíðum fyrir einstakar greinar. Verkefni kennara á starfsdögum var hins vegar að leggja drög að slíkum viðmiðum fyrir þær brautir sem kenndar eru við Borgarholtsskóla en slík viðmið þurfa að fylgja þeim brautum sem óskað verður eftir að menntamálaráðuneytið samþykki.

## Fyrirlestur um lærdómsviðmið

Til þess að kynna okkur hugtakið *lærdómsviðmið* og fleiri tengd hugtök var dr. Guðrún Geirsdóttir, námsskrárfræðingur og lektor við félagsvísindasvið Háskóla Íslands, fengin til að halda fyrirlestur. Hún skipti umfjöllun sinni í fjóra meginþætti.

### *Hvaðan koma hugmyndirnar?*

Í fyrirlestri sínu nefndi Guðrún að þær hugmyndir sem liggja til grundvallar nýjum framhaldsskólalögum væru m.a. sóttar til Evrópusambandsins, en samfara auknu flæði námsfólks milli landa innan sambandsins hefur skapast þörf á að byggja upp gagnsætt kerfi sem auðveldaði mat á námi milli landa án þess að verið væri að steypa menntun í einstökum ríkjum sambandsins í sama mót. Ísland hefur augljóslega sérstöðu í þessu samhengi þar sem við erum ekki aðilar að sambandinu og því hefur ráðuneytið aðlagð hugmyndafræðina að íslenskum aðstæðum.

### *Námsskrárgerð í skólum.*


Guðrún sagði að námskrárgerð undir hinum nýju lögum þyrfti að nálgast út frá ákveðinni sýn á hæfni nemandans að námi loknu. Ef þá sýn vantar er hætt við að námsskráin einkennist um of af þeim greinum sem kenndar eru, þ.e. útpenslustefnu og yfirráðum einstakra faggreina eða fræðasviða. Ef nám og kennsla fer algerlega fram á forsendum einstakra greina er hætt við að nemandinn sitji uppi með sundurleita þekkingu að námi loknu en hafi ekki þá almennu færni til áframhaldandi náms og starfa sem hann þarf á að halda og gerir hann að betri og hæfari einstaklingi en ella. Nýjar námsbrautir þarf því að skipuleggja þannig að byrjað er á endanum og spurt: Hvað á nemandi sem lokið hefur áfanga eða braut að vera fær um að námi loknu?

### *Um lærdómsviðmið.*

Hæfnihugtakið (competance) þýðir ekki bara að nemandi hafi tileinkað sér þekkingu heldur einnig að hann getur *beitt skilningi sínum og færni í athöfnum*. Hér er að einhverju leyti um nýja sýn á nám að ræða þar sem gengið er út frá mælanlegri færni nemandans að námi loknu en ekki þeirri þekkingu sem hann hafi hugsanlega tileinkað sér. Það að nemandi geti nýtt sér þekkingu sína verður því mikilvægara en þekkingin sem slík. Þessi sýn á nám hefur í för með sér breytta sýn á hlutverk kennarans. Í stað þess að hafa það meginhlutverk að miðla upplýsingum – vera einhverskonar viskubrunnur sem ausið er úr í þekkingarþyrsta nemendur – er hlutverk hans að veita nemendum leiðsögn og gera þá að sjálfstæðum þekkingarnotendum.

### Að skrifa lærdómsviðmið fyrir námsbrautir.

Að lokum talaði Guðrún um það hvernig nálgast mætti verkefni dagsins, að skrifa lærdómsviðmið fyrir námsbrautir. Hún minnti á að námskrágerð er í eðli sínu málamiðlun og felur í sér tilraun til að sameina í eina yfirlýsingu margar ólíkar forsendur, óskir, kröfur og hefðir (sjá mynd 1, glæra GG).



**Mynd 1**

Lærdómsviðmiðin segja til um hvaða hæfni nemendur eiga að geta sýnt að námsbraut lokinni en ekki hvað kennarinn hefur hugsað sér að gera. Þau þurfa, ef vel á að vera, að vera metanleg eða mælanleg en þurfa líka að ná til þeirrar hæfni sem kennarar telja mikilvæga. Sú hætta er fyrir hendi að kennarar falli í þá gryfju að meta það mælanlega en ekki endilega það mikilvæga. Þess í stað þurfa kennarar að finna leiðir til að gera það mikilvæga mælanlegt.

## Stefnuskrá BHS

Í lok fyrri starfsdagsins var farið í að endurskoða stefnuskrá Borgarholtsskóla. Á starfsdögum í mars var að störfum hópur sem hafði það verkefni með höndum að yfirfara stefnuskrá skólans, sem unnin var af starfsmönnum og samþykkt vorið 2003, með það fyrir augum að aðlaga hana að nýjum framhaldsskólalögum. Gerði hópurinn nokkrar breytingatillögur og voru þær tillögur og stefnuskráin í heild sinni til umræðu í þverfaglegum hópum. Nokkrar breytingatillögur komu fram og voru ræddar en að lokum var stefnuskráin samþykkt samhljóða og hefur verið birt á heimasíðu skólans (<http://www.bhs.is/skolanamskra/stjorn-og-stefna/stefnuskra/>). Stefnuskráin verður endurskoðuð að nýju vorið 2010 með hliðsjón af þeirri þróun sem fylgja mun innleiðingu nýrrar menntastefnu í Borgarholtsskóla.

## Nýannir

Seinni starfsdagurinn var tvískiptur. Annars vegar voru til umræð hinar svokölluðu nýannir en hinsvegar var farið í hugmyndavinnu vegna fyrirsjáanlegs niðurskurðar á fjárframlögnum til skólans. Ekki er ástæða til að fjalla hér um seinna atriðið.

Ingibergur Elíasson, kennslustjóri á bíltæknibrautum, rakti sögu lotufyrirkomulags í bíliðnum auk þess sem hann útskýrði kerfið fyrir starfsmönnum og sagði undan og ofan af kostum þess og göllum. Tilgangur lotukerfisins er að gera nemendum fært að einbeita sér að ákveðnum þætti námsefnisins á hverjum tíma. Hver lota er stutt námssamstæða og myndar sem slík sjálfstæða einingu sem getur tengst öðrum slíkum einingum. Loturnar eru mislangar, allt frá einni upp í fjórar vikur. Yfirleitt skiptist námstíminn bæði í verklega og fagbóklega tíma en vægi hvors þáttar um sig er mjög misjafnt. Námsmat fer fram samhliða kennslu en algengt er að lokapróf sé þreytt í lok lotanna. Reynt er að hafa þann tíma sem líður frá lotulokum þar til einkunnir eru birtar stuttan.

Helstu kosti lotukerfisins taldi Ingibergur vera þá að lengri samfelldur tími gæfist til náms í hverjum námsþætti, nemendur öðlist betri yfirsýn yfir efni áfanga og sjái fyrir endann á þeim og að fyrirkomulagið veitti nemendum aðhald og gerði þannig að verkum að ástundun og mætingar væru betri en ella. Hins vegar hafa forföll, bæði nemenda og kennara mun meiri afleiðingar en í hinu hefðbundna námsfyrirkomulagi og langir og einhæfir áfangar geta virkað leiðigjarnir á nemendur. Síðast en ekki síst nefndi Ingibergur að töluverður núningur væri milli hins hefðbundna áfangakerfis og lotukerfisins en það gæti þó varla talist galli á lotukerfinu sem slíku.

Anton Már Gylfason og Hrönn Hilmarsdóttir kynntu því næst fyrirhugaða tilraun með nýannir í Borgarholtsskóla. Tilraunin gengur út á að skipta hverri námsönn í tvennt og gefa þannig nemendum kost á að einbeita sér að helmingi færri fögum á hverjum tímapunkti. Þannig myndi nemandi sem hefur nám á félagsfræðabraut taka ensku, dönsku og lífsleikni fyrri nýönnina en íslensku, stærðfræði og félagsfræði seinni nýönnina. Tilgangur tilraunarinnar er að byggja upp reynslu og þekkingu innan skólans á því hvaða áhrif styttingar námstími hefur á nám nemenda. Er ætlunin að samhliða tilrauninni geri þeir kennarar sem taka þátt starfendarannsókn þar sem þeir bera saman reynslu sína af nýannarfyrirkomulaginu og því hefðbundna. Einnig verða settir upp rýnihópar nemenda og kennara, meginleg rannsókn gerð á árangri nemenda, bornar saman brottfallstölur og gerður samanburður á gögnum innar mats skólans fyrir og á meðan á tilraun stendur. Tilraunin mun standa yfir skólaárið 2009 til 2010.

Í lok dagsins var lögð fyrir starfsmenn könnun vegna innra mats skólans en eftir það héldu starfsmenn í vel heppnaða skemmtiferð vestur í Borgarfjörð.

Öll gögn varðandi starfsdagana má finna í bhs-möppunni: <\\Net.bhs.is\bhs\Sameignir starfsmanna BHS\Skrifstofa\Starfsdagar í maí 2009>.

Anton Már Gylfason og Guðrún Ragnarsdóttir,  
verkefnisstjórar vegna innleiðingar laga um framhaldssk.

## Lærdómsviðmið – verklýsing

Hér að neðan er verklýsingin sem hóparnir fengu í hendur. Þegar valið var í hópana var leitast við að hafa þá sem mest koma að kennslu á viðkomandi brautum saman. Í einhverjum tilfellum voru hópar sameinaðir.

Á eftir koma afurðir einstakra hópa.

### Verkefnið

Að skrifa drög að lærdómsviðmiðum fyrir námsbrautir Borgarholtsskóla. Til hliðsjónar má hafa „refilinn“ svokallaða (Framhaldsskóli – lærdómsviðmið) og meðfylgjandi texta.


Hóparnir leitast við að gera sér grein fyrir því hver æskileg þekking, færni og hæfni nemenda á viðkomandi námsbraut er að loknu námi við skólann. Taka þarf mið af ýmsum þáttum s.s. lykilhæfnipáttum, stefnuskrá skólans, kröfum atvinnulífsins og kröfum viðtökuskóla.

Megin spurningin er þessi: Hvað á nemandi að vita, kunna og geta að loknu námi á brautinni?

### Afurð

Meðfylgjandi eyðublað (A3 blað merkt Lærdómsviðmið) er hugsað sem glósublað fyrir hópinn. **Sjálf afurðin verður í formi textaskjals þar sem tilteknir eru þeir þekkingar-, færni- og hæfnipættir sem nemendur þurfa að ykkar mati að búa yfir að loknu námi við skólann.** Afurðir hópanna verða birtar í skýrslu um starfsdagana og munu nýtast í áframhaldandi vinnu við innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla.

Vinsamlega sendið afurðina á [anton@bhs.is](mailto:anton@bhs.is) strax og hópurnir hefur lokið störfum. Vinsamlega látið nöfn allra hópmeðlima koma fram í skjalinu.



## Bifreiðasmíði - bílamálun

Hópur: Agnar Hólm Kolbeinsson, Hermann B Jóhannesson, Hjörleifur Herbertsson, Hörður Smári Þorsteinsson og Ingibergur Elíasson

### Lokamarkmið náms í bifreiðasmíði

Að loknu sérnámi í bifreiðasmíði skal nemandi

- geta skipulagt og útfært rökrétt vinnuferli við viðgerð, uppbyggingu eða nauðsynleg útskipti bílaðra eða skemmdra hluta í öllum gerðum burðarvirkja og yfirbygginga allra helstu gerða ökutækja og eftirvagna
- geta skipulagt og útfært rökrétt vinnuferli í nýsmíði ökutækis eftir því sem við á
- geta ráðlagt um mögulega viðgerð og leiðbeint um hagkvæmustu aðgerð frá sjónarmiði viðskiptavinarins með tilliti til óska hans um sem lægstan viðgerðakostnað, með hliðsjón af umferðaröryggi, ástandi, útliti og notagildi ökutækisins og *jafnframt fylgt kröfum um umhverfisvernd.*(Sbr. *Grænfáninn*)
- geta leyst verk sín af hendi með aðstoð handbóka og annarra tiltækra stoðgagna
- geta leyst verk sín af hendi með hliðsjón af umferðarlögum, reglugerð um gerð og búnað ökutækja og með tilliti til umhverfissjónarmiða
- geta skráð vinnuskýrslur og verklýsingar í ferilskrá ökutækis

### Lokamarkmið náms í bílamálun

Að loknu sérnámi í bílamálun skal nemandi

- geta metið, skipulagt og innt af hendi hvaðeina sem lýtur að faglegri vinnu við bílamálun miðað við fyrirmæli framleiðenda ökutækja og/eða framleiðenda málningar- og fylliefna og nýjustu tækni í bílamálun
- geta unnið að öðrum verkefnum en málun ökutækja ef um málunartækni bílamálara er að ræða
- geta umgengist nauðsynleg efni í bílamálun með tilliti til eiginleika þeirra og gæða
- geta umgengist nauðsynleg efni í bílamálun með tilliti til þeirra þátta er lúta að heilsufarslegum áhrifum og tekið fyllsta tillit til vistfræði umhverfisins
- geta leyst verk sín af hendi með aðstoð handbóka og annarra tiltækra stoðgagna
- geta leyst verk sín af hendi með hliðsjón af umferðarlögum, reglugerð um gerð og búnað ökutækja og *með tilliti til umhverfissjónarmiða* (Sbr. *Grænfáninn*)
- geta skráð vinnuskýrslur og verklýsingar í ferilskrá ökutækis

## Bifvélavirkjun

**Hópur: Kristján M. Gunnarsson, Jón Sigurðsson, Ólafur Ingi Ólafsson og Ingibergur Elíasson**

Tíminn var ekki mikill, þar sem þessi umræða verður ekki afgreidd á svo stuttum tíma, er henni skilað sem hugleiðingu / tillögu.

Þar sem Grunndeild bíltæknibrautar er 1. þrep  
Bifvélavirki 2. þrep útskrift eftir 2 lotuannir.  
Bíltæknir 3.þrep. útskrift eftir 2. lotuannir .

Til að ná þeim áfanga og að geta lokið 3. þrepi þarf að skilað eftirfarandi þáttum.

### **Þekkingar þáttur.**

Nemandi skal hafa **aflað** sér almennrar og sértækrar þekkingar á undirgreinum sérsviðs í gegnum áhorf, lestur, hlustun, umræður eða önnur samskipti.

Nemandi skal geta **miðlað** þekkingu sinni með mismunandi aðferðum og ólíkum tjáningarformum. Hafi þekkingu til að greina bilanir á viðkomandi vinnsluþáttum námsefnisins.

### **Færni þáttur.**

Nemandi skal hafa **aflað** sér þjálfunar í almennum og sértækum aðferðum og verklagi undirgreina sérsviðs.

Nemandi skal geta **greint** milli aðferða, valið og skipulagt almennt og sértækt verklag sérsviðs og undirgreina þess.

Nemandi skal geta **miðlað** færni sinni með því að beita almennum og sértækum vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum undirgreina sérsviðs.

### **Hæfni þáttur.**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu og sértæku þekkingu og færni sem hann hefur **aflað** sér.

Hann skal geta sýnt fram á siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarmátt, umburðarlyndi og skilning á eigin getu í tengslum við sérsvið og undirgreinar þess.

Nemandi skal geta **greint** og hagnýtt almenna og sértæka þekkingu og færni með því að bera saman, finna samband, einfalda, draga ályktanir, rökstyðja og beita faglegri gagnrýni. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi sýni sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum, ábyrgðartilfinningu og hæfni í að meta aðstæður og eigið framlag í tengslum við sérsvið og undirgreinar þess.

Nemandi skal geta **miðlað** og hagnýtt almenna og sértæka þekkingu og færni þar sem vitsmunalegri, listrænni og/eða verklegri þekkingu og færni er miðlað. Þessar athafnir gera kröfu um að nemandi búi yfir gagnrýnni hugsun, sköpunarhæfni, innsæi, frumkvæði, hæfni til að tjá hugmyndir, skoðanir og tilfinningar í tengslum.

Til að ná þessum markmiðum þarf

1. Þrep að innihalda almennan grunn grunndeildar bíltæknibrautar.

## GRUNNDEILD BÍLIÐNA - GBI

Íslenska	<a href="#">ÍSL 102</a>
Enska	<a href="#">ENS 102</a>
Stærðfræði	<a href="#">STÆ 102</a>
Lífsleikni	<a href="#">LKN 103</a>
Íþróttir	<a href="#">ÍÞR 101</a>
Grunnteikning	<a href="#">GRT 103</a>
Hlífðargassuða	<a href="#">HSU 102</a>
Logsuða	<a href="#">LSU 102</a>
Plötusmíði	<a href="#">PLV 102</a>
Rafmagnsfræði	<a href="#">RAF 102</a>
Skyndihjálp	<a href="#">SKY 101</a>

Fjöldi eininga: 22

1. Stig, (prep 2.) Teljum við vera fullnægjandi sem námsval og námeiningar og teljum að ekki þurfi að breyta.

## BÍFVÉLAVIRKJUN 10E

### 2. ÖNN,

Aflrás - grunnur	BAF	101
Aflrás, kúpling - gírkassar I	BAF	201
Hemlar - grunnur	BHE	101
Vökvahemlar I	BHE	201
Efnisfræði	BEB	101
Hreyflar - grunnur	BHR	101
Hreyflar - ventlar	BHR	201
Plast, greining - viðgerðir	BPL	102
Stýri, fjöðrun - grunnur	BSF	101
Vélateikning	BTB	102
Verkstæðisfræði	BVX	102
Eðlisfræði	EDL	102
Enska	ENS	202
Íslenska	ÍSL	202

**BIFVÉLAVIRKJUN 20E****3 ÖNN,**

Aflrás – legur, drifliðir	BAF	301
Aflrás-kúpling, gírkassar II	BAF	401
Aflrás - vökvaafi	BAF	501
Aflrásir - drif	BAF	701
Vökvahemlar II	BHE	301
Þrýstiloftshemlar	BHE	501
Hreyflar - vélbúnaður	BHR	301
Stýri, fjöðrun - framvagn	BSF	201
Stýri, fjöðrun - hjólastilling	BSF	301
Stýri, fjöðrun - aflstýri	BSF	401
Stýri, fjöðrun - loftfjöðrun	BSL	501
Verkstæðisfræði	BVX	301
Yfirbyggingar - bifvéla virkjun	BYB	101
Yfirbyggingar - bifvéla virkjun	BYB	201
Íþróttir	ÍÞR	201
Danska, norska, sænska		102

einingar á önn

17

Lok fyrri hluta náms, þar sem Bifvéla virki 1(1.hluti). Lýkur námi og geti útskrifast.

Bíltækni 2. hluti, (þrep 3.) þar eru nemendur útskrifaðir sem Bíltækni.  
Með þessari skiptingu er gefin kostur á námi sem er með flóknari viðfangsefnum.

**BIFVÉLAVIRKJUN 30E****4. ÖNN.**

Hreyflar - innsprautun	BHR	401
Hreyflar - kveikikerfi	BHR	501
Rafeindatækni	BRR	101
Rafeindatækni	BRR	202

Raflagnateikning	BRA	102
Rafmagn - mælingar	BRA	201
Rafsegulfræði	BRA	302
Rafmagn - hleðsla	BRA	402
Rafmagn - ræsikerfi	BRA	501
Rafmagn - ljósakerfi	BRA	601
Íþróttir	ÍÞR	211
Rekstrarfræði	REK	102
Enska	ENS	212
einingar á önn		19

## **BIFVÉLAVIRKJUN 40E**

### **5. ÖNN,**

Aflrásir - sjálfvirkir gírkassar	BAF	602
Hemlar - ABS	BHR	401
Hreyflar - dísil	BHR	601
Hreyflar - tölvustýring	BHR	701
Hreyflar - bilanaleit	BHR	801
Hreyflar - viðgerðatækni	BHR	901
Rafeindatækni - bifvélavirkjun	BRR	301
Rafmagn - bilanaleit	BRA	702
Rafmagn - dísilhreyflar	BRA	801
Yfirbygging - mælingar	BYB	301
Ýmis búnaður og kerfi	BÝX	102
Íþróttir	ÍÞR	301
einingar á önn		15

Okkar sýn á umræðurnar.

JS  
KMG  
ÓÍÓ

## Félagsfræðabraut

Hópur: Inga Ósk, Hlín, Steinunn og Hanna

Okkar hugmyndir um grunnlærdómsviðmið sem ættu að vera fyrir félagsfræðibraut í útfærslunni 4 ár – eins og hún er í dag. Við þetta eiga nemendur að hafa eitthvað val s.s. auka tungumál, frekari þekkingu í aðferðafræði/tölfræði, kenningum og rannsóknum á ólíkum félagsgreinasviðum, félagsleg málvísindi og bókmenntir annarra þjóða (þýddar bókmenntir).

Ekki er tekin afstaða til fleiri greina en þeirra fjögurra sem eru tíunduð hér að neðan.

<b>h</b> – undirbúningur undir háskólanám	Þ – þekking
<b>a</b> – undirbúningur undir atvinnulíf	L- leikni
<b>e</b> – undirbúningur undir einkalíf	V - viðhorf

Íslenska – grunnlærdómsmarkmið

- að geta skrifað vandaðan texta (L) h a e
- kunna að skrifa heimildaritgerð/sjálfstæð úrvinnsla (Þ L V) h
- að geta flutt fyrirlestur (Þ L) h a
- að geta tekið virkan þátt í skipulögðum umræðum (Þ L V) h a e
- að nemendur hafi yfirlit yfir íslenska bókmenntasögu/málsögu/verk (Þ V) h e

Enska og önnur erlend mál – grunnlærdómsmarkmið

- geta tileinkað sér enskan og einn norðulanda texta um fræðileg málefni (Þ L) h a
- geti tjáð sig í ræðu og riti á ensku og einu norðurlandamáli um ýmis málefni (Þ L) h a e
- hafa innsýn í menningu enskumælandi þjóða og Norðurlandamálanna (Þ V) h a e

Stærðfræði – grunnlærdómsmarkmið

- að kunna grunnatriði tölfræði/excel (Þ L) h a
- að kunna prósentureikning/vera fjármálalæs (Þ V L) h a e
- að kunna að beita þeim aðferðum sem á við hverju sinni/hagnýting (Þ L) h a e

Félagsgreinar – grunnlærdómsmarkmið

- þekki kynjakerfið – sé jafnréttismeðvitaður (Þ V L) – h a e
- hafi virka borgaravitund (Þ V L) – h a e
- Þekki helstu kenningar í félagsgreinum (Þ) – h a e
- Yfirlit yfir íslands- og mannkynssögu (Þ) – h e
- Sé meðvitaður um eigin styrkleika og veikleika sbr fjölgreindarkenninguna (Þ V L) – a e
- Að geta lesið og túlkað rannsóknir á sviðinu (L) - a e
- Beri virðingu fyrir menningu og skoðunum annarra (V) a e
- Hagnýt siðfræði (Þ L V) h a e
- Að þekkja æskilegar uppeldisaðferðir (Þ V L) – h a e

## Málabraut

Hópur: Ásta, Bernd, Eva, Geir, Guðrún Guðjóns, Lilja og Siffa

**Lokamarkmið – hvaða þekkingu/hæfni/færni þurfa nemendur að búa yfir við útskrift af málabraut?**

**Við útskrift af málabraut:**

-geti nemandi tekist á við nám á háskólastigi.

-hafi nemandi öðlast færni til þátttöku í atvinnulífinu.

-sé nemandi í stakk búinn til að eiga samskipti í ólíkum menningarheimum, bæði hvað varðar tungumálið og menningu þess.

-sé nemandi tilbúinn til virkrar þátttöku í nútímaþjóðfélagi

Rauðletrað er mjög almennt

**Sérhæfðari markmið:**

-búi nemandi yfir hagnýtri og sértækri þekkingu og færni á móðurmáli. Dæmi: Geti tjáð hugsanir, tilfinningar og skoðanir, bæði munnlega og skriflega. Geri sér grein fyrir mikilvægi góðrar íslenskukunnáttu og búi yfir ríkulegum orðaforða.

-búi nemandi yfir víðtækri þekkingu og færni í tveimur erlendum tungumálum. Dæmi: Geti tjáð sig munnlega og skriflega á sem flestum sviðum tungumálanna (skrifað fræðilegar ritgerðir) og geti lesið og hlustað á flókna texta, bæði fræðilega og skáldskap.

-búi nemandi yfir grunnþekkingu og færni í tveimur tungumálum til viðbótar. Dæmi: Geti spurt til vegar, talið upp að tólf (douze points) og pantað bjór eða vínglas.

-búi nemandi yfir grunnþekkingu og færni í félagsgreinum, raungreinum og stærðfræði.

## Náttúrufræðibraut

Hópur: Íris, Inga, Berglind, Hrönn, Kristinn, Sigurður, Gunnlaugur, Jóhanna og Björn

### Meginspurning; Almenn þekking nema af náttúrufræðibraut

-hvað eiga nemendur að vita, kunna og geta eftir nám á náttúrufræðibraut

#### 1. Stútentsspróf – Undirbúningur fyrir háskólanám

##### a. Kjarni

Nemendur skilji grunnhugtök náttúruvísinda eðlis, efna og líffræði, auk góðrar færni í stærðfræði. Gera þarf ráð fyrir því að nemendur á náttúrufræðibraut taki dýpra í náttúruvísindum. Hugsanlegt að breyta áherslum á öðrum brautum og aðgreina grunnáfanga þannig að þeir sem hyggja á framhald í raungreinum taki aðra áfanga.

##### b. Tungumál

Þar sem að flestar kennslubækur eru á ensku kom upp sú hugmynd að það þyrfti að auka skyldu í ensku, en jafnframt var rætt um nauðsyn breiddar í tungumálakunnáttu. Við eum lítil þjóð og þurfum að sækja margt til annarra landa.

##### c. Hugmyndaheimur

Nemandi þarf að ráða við hugtök á sínu fræðasviði og þekkja hugmyndasögu. Þannig kemur saga og íslenska inn sem mikilvægar undirbúningsgreinar. Nemandi þarf að hafa góð tök á sjálfstæðri hugsun og geta nýtt þekkingu sína á skapandi hátt.

#### 2. Undirbúningur fyrir lífið - Efling einstaklingsins

Almennt þurfa nemendur að þekkja samspil umhverfis og náttúru. Vita af hvernig röskun á jafnvægi í náttúrunni tengist heilbrigði lífvera og sjálfbæri þróun.

## Viðskipta- og hagfræðibraut

Hópur: Magnús Einarsson, Hans Herbertsson, Ásgeir Valdimarsson, Guðrún Ragnarsdóttir, María Pétursdóttir og Sigurborg Jónsdóttir

### f.h. má: lærdómsviðið

Hvað á nem að vita, kunna, geta að lokinni námsbraut  
Taka mið af stefnu skólans, þátttöku í samfél., kröfur viðtökuskóla, kröfur atvinnulífsins á að speglast í Lærdómsviðiðum

Glósublað – til að krassa á  
Búa til textaskjal með þekkingar-, færni- og hæfnipáttum sem nem þurfa að ykkar mati að búa yfir að loknu námi. Senda Antoni

11 -12.30

### Hópavinna: Viðskipta- og hagfræðibraut – 4 ár

Aðallega á 3ja þrepi en eitthvað bara á 2að og bara á 3ja þrep

Ganga þarf út frá núverandi kjarna og kjörsviði til að sjá hvernig það fittar við nýja brautarlýsingu

Ræðum outputið út frá  
Kröfum sen nefnd eru í lærdómsviðiðum :stefna skólans, þátttaka í samfél., kröfur viðtökuskóla, kröfur atvinnulífsins.  
Hvort vilja þessir aðilar þrönga velmótaða eða almenna breiða menntun, þar sem nemendur fara svo víða, ekki bara áfram á sinni braut.

= niðurstaða:

Þekking : þekkja helstu kenningar og aðferðafræði viðskipta- og hagfræðigreina

Færni : geta notað viðskipta- og fjármálega þekkingu í raunverkefni, fygjast með og tileinka sér nýjungar.

Hæfni: afla, skilja, meta, miðla og nota fjármála- og viðskiptalegar upplýsingar t.d. á ársreikninga fyrirtækja, stofnun og rekstur fyrirtækis. Getu tekið að sér sérhæfð viðskiptastörf innan fyrirtækja. Nemandi sé hæfur fyrir viðtökuskóla hvað varðar skilning námsefnis á erlendu tungumáli og hafi tileinkað sér nauðsynleg fræðileg vinnubrögð.

Vorum komin út í umræðu um: við viljum útskrifa heilsteypta, heilbrigða, jafnvel hamingjusama nemendur. Einnig teljum við nauðsynlegt að stuðla að góðu viðskiptasiðferði og farsæld.

Hvernig ætlum við að gera það? Efla gagnrýna hugsun, ekki koma með kennisetningar, heldur hvert er gildismat okkar?

Skapandi og gagnrýnin hugsun er nauðsynleg öllu námi og starfi.

Þó við eyðum ómældum tíma í að vinna þessi plögg, þá hlýtur inntakið að vera það sama og ávallt: afla þekkingar og nýta hana okkur til góðs

Lífsleikni – dæmi um fag sem þarf að flæða en ekki vera sérfag.

Hver er samsetning nemenda og kröfur til þeirra? Hverjar eru kröfur okkar um heimanám og hvernig getum við fengið þau til að vinna utan kennslustundar.

Sérstaklega í ljósi þess að í nýjum lögum er gert ráð fyrir sjálfstæðri vinnu.

## Rennismíði

Hópur: Aðalsteinn, Matthías, Þorbjörn, Egill og Guðlaugur

### Lærdómsviðmið (Learning outcomes)

#### Þekking í 3. þrepi

- læra að beita verkfærum sem notuð eru á renniverkstæðum.
- kynnast eðli og eiginleikum þeirra efna sem notuð eru í smíðisgripi, kostum þeirra og takmörkunum
- kynnst öryggisreglum og áhættum samfara vinnu með spóntökuvélar og öflug verkfæri.
- öðlast þekkingu og skilning á gæðamati við framleiðslu vélahluta og varahluta sem og gæðum þjónustu.
- kynnast helstu verk- og vinnuþáttum rennismíðinnar.
- öðlast skilning á skipulegri uppbyggingu vinnustaðar, góðri umgengni á vinnustað, umhverfisáhrifum starfseminnar
- kynna sér möguleika og nýjungar í greininni eins og kostur er.

#### Færni í 3. þrepi.

- öðlast innsýn í verkefni sem unnin eru í fyrirtækjum
- Rennismíður vinnur með spóntökuvélar, s.s. rennibekk og fræsivél. Rennismíði byggist á fín- og nákvæmnisvinnu og er nær eingöngu nýsmíði. Verkefni rennismíða er hönnun og nýsmíði íhluta til notkunar í vélum og tækjum.

#### Hæfni í 3. þrepi

- öðlast þekkingu og færni í smíði nákvæmra íhluta og hluta til samsetninga öðlast innsýn í möguleika rennismíði sem iðngreinar, bæði til sérsníða og fjöldaframleiðslu.
- öðlast skilning á mikilvægi og nauðsyn góðra samskipta á vinnustað.
- kynnast og læra að beita þeim verkfærum sem fyrirtækin nota á verkstæðum.
- Að námi loknu á nemandi að geta nýtt sér þekkingu sína til áframhaldandi náms til meistaráttinda og framhaldsnáms á tækni- og rekstrarsviði.
- Að nemandi sýni sjálfstraust og frumkvæði í lausnum á verkefnum.

## Vélvirkjun

Hópur: Jón Hjaltalín, Jón Ben, Jón Ingi og Pétur

### Lærdómsviðmið (Learning outcomes)

#### Vélvirkjun.

##### Þekking í 3.þrepi.

- þekkja meginatriði vél- og vélhlutafræði m.t.t. uppbyggingar, vinnsluferlis og viðhalds dísilvéla og aflrása ásamt undirstöðum, búnaði og lögnum sem tilheyra þessum vélum.
- þekkja aðferðir við að setja upp og rétta af vélbúnað og hafa kunnáttu til að reynslukeyra búnaðinn
- þekka alla hluta vökvakerfa í vinnuvélum og hlutverk þeirra.
- þekkja alla aðalhluta kælikerfis og hlutverk þeirra
- þekkja grundvallaratriði í loftstýringum
- þekkja hvers konar skynjara, notkunarvið þeirra og viðmót iðntölva.
- þekkja eiginleika allra algengra málmsmiðavéla og kunni að beita þeim
- þekkja þau efni, föst, fljótandi og gas, sem vélvirkjar vinna með og geri sér grein fyrir mögulegum hættum og umhverfisáhrifum af þeirra völdum.

##### Færni í 3.þrepi

- geta lesið og túlkað vinnuteikningar og kerfismyndir fyrir vélar, vélhluta, vélkerfi, vökvakerfi, kælikerfi, stýrikerfi og vélarúm og geti tekið þátt úr samsettri teikningu og gert yfir hann vinnu- og verkáætlun ásamt málsettu smíðarissi, kunni að nota þjónustuleiðbeiningar framleiðenda og geti aflað slíkra upplýsinga.
- geta reiknað stærðir lagna og geyma og lagt mat á frágang vökvallagna.
- geta sett upp loftkerfi samkvæmt teikningu og þjónustað þau.
- geta framkvæmt kerfisbundna bilanaleit og metið ástand vélbúnaðar.

##### Hæfni í 3.þrepi

- gera verkþátta- og vinnuraðargreiningu ásamt verkáætlun fyrir uppsetningu, viðhald og viðgerðir vélbúnaðar og unnið samkvæmt slíkri áætlun.
- öðlast færni í að leggja kælikerfi samkvæmt teikningu.
- skilja samsettar stýringar sem nota rafmagn loft og vökva sem aflagjafa og geti greint bilanir í slíkum kerfum.
- kunna að beita öllum algengum samsetningaraðferðum vélhluta og lagna.
- kunna undirstöðuatriði logsuðu, pinnasuðu og hlífðargassuðu.
- skilja öll helstu mælitæki sem notuð eru í vélvirkjun, geti notað þau á eigin spýtur og túlkað niðurstöður mælinga.
- kunna skil á undirstöðuatriðum aflfræði, straumfræði og rafmagnsfræði.
- skilja eðlis- og efnafræði þeirra ástandsþreyinga sem vinnsla brunahreyfla, loft- og vökvaþrýstivéla, kæli- og frýstivéla byggir á.

## Félaggliðabraut

Hópur: Hildur Margrét Einarsdóttir, Ívar Rafn Jónsson, Þórkatla Þórisdóttir, Sigrún Sigurðardóttir og Hafrún Eva Arnardóttir

### Lærdómsviðmið félaggliðabrautar

#### Þekking

Nemandi

- Þekki og geti greint á milli ólíkra kenninga, helstu rannsókna og rannsóknaraðferða á sviði félagsvísinda og geti hagnýtt þessa þekkingu í starfinu
- skal þekkja réttindi félagslega kerfisins og þá þjónustu sem er í boði
- skal þekkja lagaleg réttindi, kunni skil á atvinnu með stuðningi, skólakerfið
- þarf að þekkja eigin styrkleika og hæfni notendum til framdráttar
- geti aflað sér þekkingar á mismunandi samskiptaaðferðum og geti greint á milli ólíkra leiða og hafi fengið þjálfun í að beita mismunandi aðferðum
- þekki mismunandi forvarnarleiðir
- skal geta aflað sér almenna þekkingu á þroskaframvindu og þroskafrávikum
- hafi aflað sér þekkingar á andlegri og líkamlegri heilsu og þekki og geti öðlist skilning

#### Færni

- geti þjálfað einstaklinga í atferli daglegs lífs og auki hæfni sína til að leiðbeina til sjálfshjálpar
- þjálfist í samskiptum sem örva einstaklinginn á uppbyggilegan hátt
- fái þjálfun í að taka þátt í umræðum og færa rök fyrir sínu máli
- þjálfist í að beita sér í starfi út frá eigin styrkleikum og veikleikum
- þjálfist í að beita og greina á milli mismunandi rannsóknaraðferða
- fái þjálfun í vinnutækni við umönnun, s.s. líkamsbeitingu og notkun hjálpartækja

## Hæfni

- geti tekið þátt í faglegri umræðu og rökstutt eigin skoðanir og dregið ályktanir
- geti átt í uppbyggilegum samskiptum við notendur félagsþjónustunnar
- geti greint þarfir þeirra sem þurfa á sérhæfðri þjónustu að halda
- geti hagnýtt sér þekkingu og færni á eigin styrkleikum á starfsvettvangi
- greint á milli ólíkra einkenna og geti vísað áfram á viðeigandi fagaðila
- skal geta eflt félagslega virkni notenda í tengslum við að vita hvaða tólmstundastarf er í boði og nemendur örvaðir til skapandi hugsunar í tengslum við með mismunandi þarfir einstaklinga að leiðarljósi
- skal geta greint mismunandi þarfir og tileinki sér jákvætt viðhorf til einstaklinga með ólíkar þarfir
- tileinki sér víðsýni, umburðarlyndi, virðingu og auki hæfni sína við að setja sig í spor annarra
- skal geta búið yfir ábyrgðartilfinningu og hæfni í að meta aðstæður og eigið framlag

## Verzlunarbraut

Hópur: Ásgeir Valdimarsson, Sigurjón Valdimarsson og Óttar Ólafsson

### Lærdómsviðmið verslunarbrautar

#### **Pekking:**

*Nemandi skal*

- hafa aflað sér þekkingar á mikilvægi góðra samskipta og þjónustuvitundar gagnvart viðskiptavinum og samstarfsfólki
- hafa aflað sér þekkingar á rekstri smásölufyrirtækja, hlutverki og mikilvægi þeirra í vörukeðjunni, s.s. fjármálum, vörubekkingu, markaðssetningu, lögum og reglum.
- hafa aflað sér þekkingar sem þarf til að fást við verslun og þjónustu allt frá innkaupum vöru þar til hún hefur verið seld.

#### **Færni:**

*Nemandi skal*

- geta leyst öll almenn verkefni innan smásölufyrirtækja.
- geta átt jákvæð og uppbyggileg samskipti við viðskiptavini og samstarfsfólk m.a. með hjálp upplýsingatækni.
- geti notað rekstrargreinar til að leysa verkefni innan smásölu með hliðsjón af lögum og reglum sem gilda um slíkt.

#### **Hæfni:**

*Nemandi skal*

- geta unnið sjálfstætt og með ábyrgum hætti með öll almenn verkefni í smásölu.
- geta leyst verkefni innan smásölu út frá þekkingu um skipulag smásölu-fyrirtækja, þróunar í átt að sjálfbærni og samfélagslegum þáttum.
- geti leyst verkefni út frá fjölmennningarlegu samfélagi og þekkingu um alþjóðlegar markaðsaðstæður.
- geta sinnt viðskiptavininum á faglegan hátt, veitt góða þjónustu og skilji rekstrarlegt umhverfi verslunar.

## Starfsbraut

Hópur: Soffía Unnur, Guðrún Sig., Þórdís, Rósamunda, Marta, Sigrún og Margrét

### Lærdómsviðmið – verklýsing – Starfsbraut

#### Hvað á nemandi að vita, kunna og geta að loknu námi á brautinni?

##### Lífsleikni

*Sjálfstæði og félagshæfni eru yfirmarkmið námsins á starfsbraut.*

##### Félagshæfni

- Kenna nemanda að vinna í hóp,
- Nemandi læri að setja mörk í samskiptum,
- Kunni almenn samskipti við aðra.

##### Bóklegt

- Viðhalda þeirri kunnáttu/þekkingu sem fyrir er.
- Byggja ofan á /bæta við þá kunnáttu/þekkingu sem fyrir er.

##### Starfsþjálfun

- Undirbúa nemendur til að takast á við störf atvinnulífsins;
- Að nemendur fái innsýn í mismunandi störf,
- Fái raunhæfa sýn á eigin getu.

##### Listgreinar

- Stuðla að skapandi hugsun
- Nemandi geti nýtt sér menningarlíf samfélagsins,
- Nemandi verði virkur þátttakandi í menningarlífi/listalífi

## Lærdómsviðmið – verklýsing Starfsbraut

Nemendur starfsbrautar fá einstaklingsmiðað nám. Þau eru á mjög ólíku getustigi. Getustigin eru þrjú sem unnið er eftir inn á brautinni.

Eftirfarandi lýsing á við nemendur á getustigi 2

	Prep 1
<p><u>Þekking:</u> safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Bæði fræðileg og hagnýt.</p> <p>Afla Greina Miðla</p>	<p><u>Stærðfræði</u></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti nýtt sér stærðfræðina í daglegu lífi.</li> <li>- Kunna grunnatriði stærðfræðinnar – (reikniaðgerðirnar (ekki deiling))</li> <li>- Nota vasareikni</li> <li>- Peningar</li> </ul> <p><u>Íslenska</u></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti nýtt sér íslenskuna í daglegu lífi.</li> <li>- Lestur</li> <li>- Dagblöð</li> <li>- Tölvur</li> </ul> <p><u>Lífsleikni</u></p> <p>Samskipti í daglegu lífi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- þurfa að geta lesið úr aðstæðum.</li> <li>- félagshæfni – í smærri og stærri hóp</li> <li>- kenna nemanda að vinna í hóp,</li> <li>- setja mörk í samskiptum,</li> <li>- samskipti við aðra.</li> </ul> <p>Samfélagsfræði Heimilisfræði Þjálfun og heilsa</p> <p><u>Starfsþjálfun</u></p> <p>Undirbúa nemendur til að takast á við störf atvinnulífsins.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Kunni að vinna eftir fyrirmælum</li> <li>- Kunna samskipti við annað starfsfólk</li> <li>- Leiti sér aðstoðar</li> <li>- Vera stundvís</li> </ul> <p><u>List og verkgreinar (kennarar viðkomandi greinar)</u></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Vera þátttakendur í lista- og menningarlífi samfélagsins.</li> </ul> <p>Leiklist Tónlist Handverk Málmur Kvikmyndagerð Íþróttir</p>

<p><u>Færni:</u></p> <p>Afla Greina Miðla</p>	<p>- - -</p>
<p><u>Hæfni:</u></p> <p>Afla Greina Miðla</p>	<p><u>Stærðfræði</u></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti nýtt sér stærðfræðina í daglegu lífi</li> <li>-</li> </ul> <p><u>Íslenska</u></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti nýtt sér íslenskuna í daglegu lífi</li> <li>-</li> </ul> <p><u>Lífsleikni</u></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Þurfa að geta lesið úr aðstæðum</li> </ul> <p><u>Starfsþjálfun</u></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Undirbúa nemendur til að takast á við störf atvinnulífsins</li> <li>-</li> </ul> <p><u>List og verkgreinar</u></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Vera þátttakendur í lista- og menningarlífi samfélagsins</li> </ul>

## Afreksíþróttir

Hópur: Bjarni Jóhannsson, Halla Karen Kristjánsdóttir, Inga Lára Þórisdóttir, Íris Björk Eysteinsdóttir og Sigurður Þ Þorsteinsson

### Lærdómsviðmið fyrir afreksíþróttasvið

	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Þrep 4
<b>Þekking</b>	Að nemandi hafi aflað sér almennrar þekkingar um lífsstíl (næring), svefn, forvarnir, íþróttasálfræði, framkoma í fjölmiðlum, íþróttalíffræði o.fl.)	Að nemandi hafi aflað sér sértækrar þekkingar um lífsstíl (næringu, svefn, forvarni r o.s. frv.)	Að nemandinn geti tileinkað sér fræðilegu uppbyggingu íþróttagreinarnar (tækni, leikfræði, þrekþrættir).  Lífsstíll (næring, svefn, forvarnir, næringarfræði, íþróttasálfræði, framkoma í fjölmiðlum) íþróttalíffræði.	
<b>Færni</b>	Nemandi skal hafa aflað sér þjálfunar í almennum aðferðum og verklagi í sinni íþróttgrein.	Nemandi skal hafa aflað sér þjálfunar í sértækum aðferðum og verklagi í sinni íþróttgrein.	Ákveðinni færni náð í sérhverri íþróttgrein (nánar útfært fyrir hverja grein).  Hugarfar „gæs“ (viljastyrkurinn) get, ætla, skal. Hugarfar afreksmanns.	
<b>Hæfni</b>			Að nemandinn geti gert íþrótt sína að atvinnu (atvinnumaður).  Að nemandinn geti stundað sína íþrótt hér á Íslandi (áhugamennsku) á háu stigi.  Öflugt stúdentspróf.	

## Almennar námsbrautir


Hópur: Anton Már Gylfason, Bryndís Sigurjónsdóttir, Eiríkur Ellertsson, Hrönn Harðardóttir, Páll Jakob Malmberg, Guðmundur Þórhallsson

Almenn. Braut I+II	Prep 1	Prep 2
<b>Þekking:</b>  Afla, greina, miðla	<p>-Nemandi hafi aflað sér almennrar þekkingar sem hann getur notað í áframh. námi og dagl. lífi.</p> <p>-Hafi þekkingu á helstu réttindum og skyldum þjóðfélagsins.</p>	
<b>Færni:</b>  Afla, greina, miðla	<p>-Hafi almenna færni í kjarnagreinum og sjálfstæði í vinnubrögðum.</p> <p>-Hafi færni til að afla sér uppl. og geti nýtt sér þær.</p> <p>-Hafi öðlast sjálfsöryggi og jákvæða sjálfsmynd sem nýtist í starfi sem leik.</p>	


<p><b>Hæfni:</b></p> <p>Afla, greina miðla</p>	<p>-Geta lesið og tjáð sig á ísl. og erl. málum.</p> <p>-Geti hagnýtt sér upplýsingatækni og tölulæsi.</p> <p>-Hafi hæfni til samvinnu og vinnu í hópi.</p> <p>-Geti miðlað eigin þekkingu og skoðunum.</p> <p>-Hafi félagslega hæfni.</p> <p>-Geti aflað sér upplýsinga um nám/störf.</p> <p>-Hvað hentar mér? Hafi væntingar og getið metið þær.</p> <p>-Hafi öðlast sjálfsaga og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.</p> <p>-Þjóðfélagslegt læsi.</p>	
--	---	--



Mynd 2



Mynd 3



## Samantekt

Hugmyndin var að verkefni starfsdaganna að þessu sinni væri tiltölulega afmarkað og skýrt. Fjalla átti um hugtakið *lærdómsviðmið* (*learning outcomes*) og það hver væru heppileg lærdómsviðmið fyrir nemendur á hinum ýmsu brautum Borgarholtsskóla. Eftirfarandi verklýsing lá til grundvallar starfi hópanna en erindi Guðrúnar Geirsdóttur var hugsað til þess að hjálpa fólki við að átta sig á hugtakinu lærdómsviðmið og því hvernig þau koma til með að hafa áhrif á það hvernig brautarlýsingar verða skrifaðar í nýju lagaumhverfi:

Hóparnir leitast við að gera sér grein fyrir æskilegri þekkingu, færni og hæfni nemanda við námslok. Taka þarf mið af ýmsum þáttum s.s. lykilhæfniþáttum, stefnuskrá skólans, þátttöku í samfélaginu, kröfum atvinnulífsins og kröfum viðtökuskóla.

**Megin spurningin er þessi: Hvað á nemandi að vita, kunna og geta að loknu námi á brautinni?**

Hóparnir fengu í hendur hinn svokallaða „refil“ en hann eru vinnugagn frá menntamálaráðuneyti þar sem finna má lærdómsviðmið fyrir framhaldsskólann almennt. Á refflinum er námi skipt upp í þrjá þætti, *þekkingu*, *hæfni* og *færni* og gerð grein fyrir því hvernig nemandi á að geta *aflað*, *greint* og *miðlað* hverjum þætti fyrir sig. Ekki var ætlast til þess að hóparnir skrifuðu nákvæm lærdómsviðmið fyrir þá braut sem þeir höfðu til umfjöllunar heldur var aðalatriðið að setja á blað það sem fólki fannst skipta mestu máli að nemendur **vissu**, **kynnu** og **gætu** að loknu námi á viðkomandi braut. Þannig var vísitandi stigið út fyrir hin tæknilegu hugtök frá ráðuneytinu í þeirri trú að þannig mætti komast hjá ýmsum vanköntum sem eru á þrískiptingu náms í þekkingu, færni og hæfni, t.d. því að færni og hæfni virðast samkvæmt almennri málkennd vera samheiti.

Athygli vekur hversu ólíkar niðurstöður hópanna eru. Kennurum á iðn- og starfsnámsbrautum virðist tamari sú hugsun sem í lærdómsviðmiðunum felst en kennurum á bóknámsbrautum. Í sumum tilfellum virðist hópar hafa eytt töluverðum tíma í að fjalla almennt um uppbyggingu brautanna út frá svipuðum forsendum og áður, þ.e. kennslu kennarans og þörfum einstakra faggreina. Þegar á heildina er litið virðast þó flestir hópar hafa tekið á verkefninu af festu og einbeitingu.

Næstu skref í innleiðingarferlinu verða þau að settir verða af stað starfshópar sem hafa það hlutverka að fjalla um einstaka þætti, svið eða brautir sem endurskoða þarf vegna nýrra laga. Samdar hafa verið verklýsingar fyrir hópa sem sinna eftirfarandi verkefnum:

- Framhaldsskólapróf
- Bóknám til stúdentsprófs
- Lykilhæfniþættir
- Mál- og bíliðnir
- Starfsnámsbrautir
- Listnám

Starfshóparnir verða að störfum á komandi haustönn og skila flestir afurðum sínum í desember.

Guðrún Geirsdóttir hefur fallist á að vera okkur innan handar í innleiðingarferlinu sem faglegur ráðgjafi. Ekki er ljóst hversu stórt hlutverk hennar verður en ljóst er að aðkoma hennar kemur til með að styrkja fræðilegan grunn verkefnisins til muna. Einnig er hugsanlegt að leita fleiri leiða til fleiri aðila í þessu sambandi en það mun ráðast af því fjármagni sem varið verður í innleiðingarferlið af hálfu ráðuneytisins á næstu misserum.

Fullyrða má að þær hugmyndir sem er að finna í þessari skýrslu og skýrslu um starfsdaga í mars koma til með að nýtast þessum starfshópum vel við þeirra störf. Rík áhersla er lögð á það í verklýsingum fyrir hópanna að sú vinna sem fram hefur farið á starfsdögum og þær hugmyndir sem þar hafa komið fram verði nýttar eins og kostur er.

Fh. stýrihóps

Anton og Guðrún